

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1359

komudagur 7/4 1997

Menntamálanefnd Alþingis  
b.t. Nefndasviðs Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

### 307. Tillaga til þingsályktunar um stöðu drengja í grunnskólum

Hafnarfirði 3. apríl 1997

Undirrituð fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stöðu drengja í grunnskólum og tekur heils hugar undir það markmið tillögunnar að fundnar verði leiðir til að bæta félagslega stöðu drengja í skólum.

Félagslegur vandi drengja er fyrir hendi á öllum skólastigum en ég styð það val flutningsmanna tillögunnar að afmarka vinnuna við eitt skólastig. Það mun einfalda og auðvelda störf nefndarinnar og niðurstöður má væntanlega nýta fyrir önnur skólastig. Hins vegar tel ég varhugavert að líta einvörðungu til vanda drengja og láta stúlkurnar og úrbætur fyrir þær sitja á hakanum. Því leyfi ég mér að leggja til að nefndinni verði einnig falið að gera hliðstæða úttekt á stöðu stúlkna í skólakerfinu svo tekið verði tillit til beggja kynja í nýrri námsskrá fyrir grunnskóla.

Til rökstuðnings tillögu minni bendi ég á eftirfarandi:

Í meðfylgjandi greinargerð þingsályktunarinnar segir m.a.:

*“Það hefur lengi verið umræðu- og áhyggjuefni margra skólamanna hva stæða drengjanna í skólakerfinu hefur almennt verið önnur og að ýmsu leyti erfiðari en stúlkna. Þeir aðlagast ekki jafn vel kröfum og væntingum skólans og stúlkurnar.”*

Stæða stúlkna hefur ekki síður verið skólafólki mikið áhyggjuefni og fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að stúlkur fái miklum mun minni athygli, leiðsögn og hvatningu en drengir. Auk þess fá þær mun minni tíma til að tala og tjá sig og minna svigrúm í kennslustofum og á útisvæðum svo dæmi séu tekin. Virðist “systurparturinn” vera um fjórðungur á móti “bróðurpartinum”. Þögn stúlkanna, þar sem þær bíða þrúðar eftir athygli og leiðsögn, er ekki til marks um sterka stöðu þeirra - heldur um veika sjálfsmynd þeirra og vanhæfni til að gera kröfur fyrir sjálfar sig. (Sjá m.a. Kruse, Anne-Mette 1995. „Piger og drenge har forskellige skoleliv“. Nul til Fjorten nr. 1, 5. árgangur. Kaupmannahöfn. Reisby, Kirsten, 1989. „Piger i Skolen - nu og i Fremtiden“ Pigernes Skole, KLIM og forfatterne, Kaupmannahöfn. Mahony, Pat 1985. „Schools for the Boys?“ Co-education reassessed, London.)

Bæði stúlkur og drengir gjalda sem bendir til grundvallarskekkju í jafnréttisuppeldi skóla-kerfisins. Gjaldi kynjanna er vel lýst í skýrslu svonefndar „Karlafélagar“ sem var skipuð 1991 af félagsmálaráðherra til að fjalla um stöðu karla í breyttu samfélagi. Í tillögum þeirrar nefndar segir um uppeldi og skóla:

*„Jafnréttisumræðan meðal skólafólks hefur lengi tekið mið af þeirri staðreynd að drengir eru mun frekari á athygli kennaranna en stúlkur. Drengirnir eru fyrirferðarmeiri en stúlkur, erfiðustu nemendurnir eru jafnan strákar og uppáhaldsnemendur kennaranna eru yfirleitt strákar. Talað hefur verið um að drengir hljóti 75-80% af athygli kennaranna. Vegna þessa hefur jafnan verið rætt um að jafna þyrfti rétt kynjanna í skólum - að tryggja stúlkum jafnrétti á því sviði. Á allra síðustu árum hafa þó æ fleiri getið þess jafnframt að að athyglin sem drengir njóta sé í flestum tilvikum neikvæð; skammir, umvandanir og önnur viðbrögð við hegðunarvanda (sjá t.d. Margrét Pála Olafsdóttir: Æfingin skapar meistarann, Rvík 1992). Þetta er stutt af ýmsum könnunum sem sýna að drengir rata mun oftast í vanda í skólunum - þrátt fyrir alla athyglina! Um 70% skjólstaðinga sálfræðieilda skóla eru drengir og þeir eru jafnframt í miklum meirihluta meðal þeirra sem þurfa á sérkennslu eða aðstoð að halda í náminu. Það liggur því í augum uppi að úrbætur á þessu sviði gagnast ekki einvörðungu stúlkum, heldur líka drengjum - tryggja jafnan rétt allra barna til náms við hæfi. (Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytisins og erindi flutt á málþingi í maí 1992 um breytta stöðu karla og leiðir til að auka ábyrgð þeirra á fjölskyldulífi og börnum. Félagsmálaráðuneytið 1993)*

Undirrituð tekur undir þau orð Karlafélagarinnar að tryggja þurfi jafnan rétt allra barna - bæði stúlkna og drengja - til náms við hæfi og vonar að umrædd tillaga til þingsályktunar verði til að bæta stöðu beggja kynja í skólum.

  
Margrét Pála Olafsdóttir  
leikskólastjóri Hjalla